

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2017/569****2021/EES/72/03****frá 24. maí 2016****um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla fyrir tímabundna stöðvun viðskipta með fjármálagerninga og töku þeirra úr viðskiptum (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipun 2002/92/EB og tilskipun 2011/61/ESB <sup>(1)</sup>, einkum 10. undirgrein 2. mgr. 32. gr. og 10. undirgrein 2. mgr. 52. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Markmið tímabundinnar stöðvunar viðskipta með fjármálagerning eða töku hans úr viðskiptum mun í sumum tilvikum ekki nást nema viðskipti með afleiðu af þeirri tegund sem um getur í 4.–10. lið C-þáttar C I. viðauka við tilskipun 2014/65/ESB, sem tengist eða miðast við þann fjármálagerning, séu einnig stöðvuð tímabundið eða hún tekin úr viðskiptum.
- 2) Þegar tekin er ákvörðun um hvort tengslin séu slík að nauðsynlegt sé að stöðva tímabundið viðskipti með tengdar afleiður eða taka þær úr viðskiptum ætti að taka tillit til þess hversu sterk tengslin eru milli afleiðunnar og fjármálagerningsins sem viðskipti eru tímabundið stöðvuð með eða hann tekinn úr viðskiptum. Í því tilliti ætti að gera greinarmun á afleiðu þar sem myndun verðs eða verðmætis er háð verði eða verðmæti aðeins eins undirliggjandi fjármálagernings og afleiðum, þar sem verð eða verðmæti eru háð mörgum verðþáttum, svo sem afleiðum sem tengjast vísitölu eða körfu fjármálagerninga.
- 3) Þegar ekki tekst að verðleggja tengdar afleiður á réttan hátt, sem leiðir til óróleika á markaði, ætti einkum að taka tillit til tilvika þegar afleiðan tengist eða miðast við aðeins einn fjármálagerning. Ef afleiðan tengist eða miðast við körfu fjármálagerninga eða vísitölu þar sem fjármálagerningurinn sem viðskipti eru stöðvuð tímabundið með er aðeins einn þáttur yrðu áhrifin minni þegar markaðsaðilar geta ekki ákvarðað rétt verð. Því ætti að taka tillit til einkenna tengslanna milli afleiðunnar og undirliggjandi gernings þegar heildarmarkmið tímabundinnar stöðvunar eða töku úr viðskiptum er skoðað.
- 4) Taka ætti tillit til þess að rekstraraðili verður að tryggja sanngjörn, skipuleg og skilvirk viðskipti á markaði sínum. Fyrir utan gildissvið þessarar reglugerðar mun rekstraraðili þurfa að meta hvort tímabundin stöðvun viðskipta með undirliggjandi fjármálagerning eða taka hans úr viðskiptum tefli í tvísýnu sanngjörnum og skipulegum viðskiptum með afleiðuna á viðskiptavettvangi hans, þ.m.t. að grípa að eigin frumkvæði til viðeigandi aðgerða eins og tímabundinnar stöðvunar viðskipta með tengdar afleiður eða töku þeirra úr viðskiptum.
- 5) Beita skal 2. mgr. 32. gr. og 2. mgr. 52. gr. tilskipunar 2014/65/ESB með samræmdum hætti gagnvart mismunandi tegundum viðskiptavettvanga. Þessar greinar eru nátengdar þar sem þær tilgreina nánar tímabundna stöðvun viðskipta með fjármálagerninga og töku þeirra úr viðskiptum á mismunandi tegundum viðskiptavettvanga. Til að tryggja samræmi milli þessara ákvæða sem taka ættu gildi á sama tíma og til að hagsmunaaðilar, einkum þeir sem falla undir skyldurnar, hafi betri yfirsýn er nauðsynlegt að taka þessa tæknilegu eftirlitsstaðla, sem samdir hafa verið á grundvelli 2. mgr. 32. gr. og 2. mgr. 52. gr. tilskipunar 2014/65/ESB, saman í eina reglugerð.
- 6) Til að gæta samræmis og tryggja snurðulausa virkni fjármálamarkaða er nauðsynlegt að ákvæðin sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð og tengd innlend ákvæði sem leiða í lög tilskipun 2014/65/ESB komi til framkvæmda frá og með sama degi.
- 7) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 87, 31.3.2017, bls. 122. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 85/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 88, 31.10.2019, bls. 7.

(<sup>1</sup>) Stjttíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 349.

- 8) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir álitum hagsmunahópsins á verðbréfamarkaði sem komið var á fót með 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 <sup>(1)</sup>,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

**Tengsl milli afleiðu sem tengist eða miðast við fjármálagerning sem viðskipti eru stöðvuð tímabundið með eða hann tekinn úr viðskiptum og upphaflega fjármálagerningsins**

Rekstraraðili skipulegs markaðar og verðbréfafyrirtæki eða rekstraraðili markaðar sem starfrækir markaðstorg fjármálagerninga eða skipulegt markaðstorg skal stöðva tímabundið viðskipti með afleiðu sem um getur í 4. til 10. lið C-þáttar I. viðauka við tilskipun 2014/65/ESB eða taka hana úr viðskiptum ef hún tengist eða miðast einungis við einn fjármálagerning og viðskipti með þann fjármálagerning hafa verið stöðvuð tímabundið eða hann tekinn úr viðskiptum.

*2. gr.*

#### **Gildistaka og framkvæmd**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 3. janúar 2018.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. maí 2016.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*

---

<sup>(1)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).